

*Alþingi*  
*Erindi nr. Þ 133/581*  
*komudagur 6.12.2006*

133.löggjafarþing 2006 – 2007  
Þskj. 441 – 397. mál

**Umsögn Og fjarskipta ehf. um frumvarp til laga um breytingu lögum um Póst-og fjarskiptastofnun nr. 69/2003.**

**1. Almenn**

Vísað er til fundar hjá Samgöngunefnd þriðjudaginn 5. desember 2006 þar sem óskað var umsagnar Og fjarskipta ehf. (Vodafone) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 er varða tekjuginn stofnunarinnar.

Vodafone telur framangreint frumvarp sem og núverandi ákvæði laga um rekstrargjald fjarskiptafyrirtækja brjóta í bága við 12. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2002/20/EB um heimild fyrir rafrænum fjarskiptanetum og -þjónustu (heimildartilskipun). Tilskipunin þessi ásamt öðrum tilskipunum ESB á sviði fjarskipta er hluti Samningsins um Evrópska Efnahagssvæðið (EES) sbr. XI. viðauki samningsins. Samþykkt frumvarpsins í óbreyttri mynd kann því að fara gegn ákvæði 3. gr. sbr.7. gr. EES-samningsins.

Þá telur Vodafone einnig frumvarpið stangast verulega á við fyrirmæli stjórnarskrár um skýrleika skatt- og refsheimilda. Félaginu er kunnugt um að Síminn hf. hafi lagt fram minnisblað Logos lögmannsþjónustu dags. 1. desember 2006 þar sem fjallað er um þessi álitafni og tekur Vodafone heilshugar undir niðurstöður lögmannsstofnunar í framangreindu minnisblaði.

**2. Reglur EES réttar um álagningu gjalda**

Skv. 12. gr. Heimildartilskipunarinnar er einungis heimilt að leggja á fjarskiptafyrirtæki umsýslugjöld sem taki samanlagt til umsýslukostnaðar sem hlýst af stjórnun, eftirliti og framkvæmd kerfisins fyrir almennu heimildina sem og afnotarétti og alþjónustuskyldu. Umsýslugjöld kunnir að fela í sér kostnað vegna alþjóðlegrar samvinnu, samhæfingar og stöðlunar, markaðsgreiningar, eftirlits, vinnu við reglusetningu og framkvæmd stjórnsýsluákvæðanna. Slík gjöld megi einungis leggja á einstök fyrirtæki á hlutlægan, gagnsæjan og hlutfallsbundinn hátt þannig að umsýslukostnaður og þau gjöld sem honum fylgja verði í lágmarki. Ef eftirlitsstofnun leggur á umsýslugjald skal árlega birt yfirlit yfir umsýslukostnað og heildarupphæð þeirra gjalda sem innheimt eru. Gera skal viðeigandi leiðréttingar í ljósi mismunar á heildarupphæð gjalda og kostnaðar.

Skv. 13. gr. Heimildartilskipunarinnar geta aðildarríki leyfit viðkomandi stjórnvaldi að leggja á gjöld fyrir rétt til afnota af tíðum fyrir þráðlausar sendingar og númerum sem nægja til að tryggja sem besta notkun á þessum auðlindum. Aðildarríkin skulu tryggja að slík gjöld séu rökstudd á hlutlægan hátt, gagnsæ, án mismununar og í réttu hlutfalli við þann tilgang sem þeim er ætlaður og að teknu tilliti til almennra markmiða fjarskiptalöggjafar um að stuðla að virkri samkeppni.

Framangreind ákvæði eru í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1997/13/EB um sameiginlegan ramma um almennar heimildir og rekstarleyfi á sviði fjarskiptaþjónustu (Leyfistilskipunin) er áður gilti um gjaldtöku á þessu sviði, sbr. 6. og 11. gr. Í *Albacom* málinu<sup>1</sup> reyndi á túlkun EB-dómstólsins á þessum ákvæðum. Málavextir voru þeir að samkvæmt ítölskum lögum var lagt sérstakt gjald á fjarskiptafyrirtæki sem svaraði til ákveðinnar prósentu af heildarveltu þeirra. Að auki var að finna í lögum ákvæði um gjaldtöku vegna umsýslu stjórnvalda um almennar heimildir og nýtingu takmarkaðra auðlinda svosem tíðna og númera. Tvö ítölsk fjarskiptafyrirtæki töldu gjaldið vera ólöglegt og höfðuðu mál gegn ítalska fjármálaráðuneytinu. Málið kom til EB-dómstólsins til forúrskurðar. EB-dómstóllinn taldi gjaldtökuna brjóta í bága við Leyfistilskipunina enda varð ekki séð að um raunverulegan umsýslukostnað væri að ræða né heldur grundvallaðist gjaldtakan á hlutlægum, gegnsæjum og málefnalegum forsendum.

Af framangreindu er því ljóst að samkvæmt EES rétti er eftirlitstofnunum á sviði fjarskipta einungis heimilt að leggja gjöld á fjarskiptafyrirtækja vegna sannanlegrar umsýslu með framkvæmd kerfis utan um almenna heimild til að veita fjarskiptaþjónustu, afnota af takmörkuðum gæðum og alþjónustu. Þessi gjöld verða að vera byggð á hlutlægum, gagnsæjum og málefnalegum forsendum þannig að leitast sé við að halda umsýslukostnaði í lágmarki.

### **3. Ákvæði frumvarpsins um álagningu gjalda**

#### **3.1. Almenn**

Í frumvarpi því sem hér er til umfjöllunar eru lagðar til verulegar breytingar á 14. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003.

Í fyrsta lagi felur frumvarpið í sér tillögu um hækkun rekstrargjalds fjarskiptafélaga þannig að það nemi 0,30% af bókfærðri veltu í stað 0,20% áður.

Í öðru lagi er um að ræða nýja lögbundna gjaldskrá fyrir tíðninotkun sem samkvæmt greinargerð með frumvarpinu byggir á greiningu á kostnaði stofnunarinnar við umsýslu.

Í þriðja lagi er lögð til heimild til handa samgönguráðherra til þess að setja gjaldskrá fyrir aðra þjónustu. Þannig verði heimilt að taka gjald sem miðist við umsýslukostnað vegna skráningar fyrirtækja, útgáfu leyfisbréfa og skírteina, mælingar, innsiglanir og skoðun fjarskiptabúnaðar.

#### **3.2. Rekstrargjald**

Hér að framan er greint frá reglum EES réttar varðandi gjaldtöku eftirlitsstofnanna á sviði fjarskipta og túlkun EB-dómstólsins á þeim reglum. Könnun á þessum réttarheimildum hefur leitt í ljós að framangreint ákvæði um rekstrargjald bæði í núverandi og breyttri mynd brýtur í bága við ákvæði. Heimildartilskipunarinnar. Ekki er um umsýslugjald í skilningi tilskipunarinnar að ræða heldur sérstakan skatt á fjarskiptafyrirtæki er hvorki

<sup>1</sup> Sameinuð mál C-292 – 293/01 *Albacom* o.fl. gegn ítalska fjármálaráðuneytinu [2003] ECR I-9449.

tengist umsýslu stofnunarinnar né notkun takmarkaðra auðlinda, enda gilda um slík gjöld önnur ákvæði laga, sbr. 2. og 3. mgr. 14. gr. laga nr. 69/2003 að því er varðar úthlutun tíðna og númera, ákvæði 12. mgr. 14. gr. í núverandi og breyttri mynd að því er varðar heimild til að setja gjaldskrá og ákvæði 14.gr.a um gjald fyrir tíðninotkun.

Í ljósi skuldbindinga íslenska ríkisins skv. EES-samningnum verður því að hvetja hið háa Alþingi til þess að grípa til nauðsynlegra ráðstafana og fella ákvæði um rekstrargjald úr lögum.

### **3.3. Gjald fyrir tíðninotkun**

Í frumvarpinu er lagt til að tekið verði upp lögbundið gjald fyrir notkun tíðna í stað starfrækslugjalda fyrir þráðlaus fjarskipti. Vodafone telur rökstuðning í greinargerð með frumvarpinu fyrir þessari breytingu verulega ábótavant. Þrátt fyrir að fullyrt sé í greinargerð að fyrir liggi nákvæm kostnaðargreining vegna þessa er rökstuðningur fyrir einstaka gjaldaliðum afar fátæklegur. Þannig telur Vodafone til að mynda fráleitt að ætla að umsýsla með skipa- og flugtíðnum feli í sér mun minni kostnað en umsýsla með farsímatíðnum. Einnig telur fyrirtækið það sæta furðu að gjaldtaka fyrir rásir í sjónvarpssendum sé miðað við sendiafl senda frekar en t.d. tíðnisvið.

Uppbygging gjaldskrár þeirrar sem ákvæðið hefur að geyma ber með sér að verið er að rugla saman gjöldum sem byggja á umsýslukostnaði annars vegar og því að um takmarkaðar auðlindir sé að ræða hins vegar. Álagning gjalda samkvæmt Heimildartilskipuninni á hins vegar að byggja á hlutlægum, gagnsæjum og málefnalegum sjónarmiðum þannig að fjarskiptafyrirtæki geti áttað sig á forsendum þeirra. Verulega skortir á að svo sé í þessu tilviki.

### **3.4. Heimild til að setja gjaldskrá**

Líkt og að framan greinir felur frumvarpið í sér tillögu um breytingu á ákvæði um heimild samgönguráðherra til að setja gjaldskrá fyrir Póst- og fjarskiptastofnun. Í ákvæðinu segir að við ákvörðun gjalda skuli leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, aksturs, þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðipjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskipta, búnaðar og tækja, stjórnunar og stoðþjónustu og alþjóðlegrar samvinnu, auk ferða og uppihalds sem af því leiðir.

Í 12. gr. heimildartilskipunarinnar segir hins vegar að um geti verið að ræða kostnað vegna alþjóðlegrar samvinnu, samhæfingar og stöðlunar, markaðsgreiningar, eftirlits með því að skyldur séu uppfylltar og annað markaðseftirlit, sem og vinnu við reglusetningu sem felur í sér undirbúning og framkvæmd afleiddrar löggjafar og stjórnsýsluákvæðanna.

Ljóst er að framangreind ákvæði skarast verulega þannig að minnsta kosti hlýtur að leika vafi á um hvort ákvæði frumvarpsins samræmist tilskipuninni. Jafnframt er ljóst að orðalag þessarar gjaldskrárheimildar hlýtur að fela í sér að ekki er jafnframt heimilt að innheimta sérstakt rekstrargjald enda hlýtur það gjald að vera til komið vegna þeirra kostnaðarliða sem nefndir eru í ákvæðinu.

#### **4. Samantekt**

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir athugasemdum Vodafone við frumvarp um breytingu á lögum um Póst- og fjarskiptastofnun að því er varðar tekjugrunna stofnunarinnar. Í ljósi þeirra alvarlegu annmarka sem á frumvarpinu eru í ljósi skuldbindinga íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum og grunnreglna stjórnarskrár um skattheimtu og refsheimildir leggst félagið gegn frumvarpinu í heild sinni.

Virðingarfyllst,

f.h. Og fjarskipta ehf.  
Dóra Sif Tynes, hdl.